
Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs landi Hreiðurborgar í Árborg



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

FS995-24043

Reykjavík 2024

Fornleifastofnun Íslands



Forsíðumynd er af vegi ÁR-225:012, horft er til austurs. Myndina tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.

©2024

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍGUR 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar vegna fyrirhugaðrar lagningar jarðstrengs í landi Hreiðurborgar, sem nú tilheyrir sveitarfélaginu Árborg. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands ses að beiðni RARIK. Úttektarsvæðið var um 2 km að lengd og 30 m á breidd (náði 15 m til hvorrar áttar frá áætlaðri miðlínu). Áhrifasvæðið nær yfir gróin tún, óræktuð svæði og er meðfram vegi að bænum. Þegar er búið að leggja ljósleiðara í jörðu innan áhrifasvæðisins en skráning virðist ekki hafa farið fram vegna þeirrar framkvæmdar. Alls voru skráðar átta fornleifar og af þeim eru fjórar í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í flestum tilfellum er mögulegt að komast hjá raski en það er í höndum Minjastofnunar Íslands að úrskurða um mótvægisáðgerðir.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, RARIK, Árborg

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed field survey commissioned by Iceland State Electricity (RARIK) concerning a new powerline within the property of the farm Hreiðurborg in Árborg municipality, South Iceland. The survey was carried out within a 2 km long and 30 m wide assessment area. Eight archaeological sites were surveyed, and four were considered at high risk because of the planned proposal, even if it is suggested that damage to archaeology could be prevented in all cases.

Keywords:

Institute of Archaeology (Iceland), detailed survey, Árborg, Iceland State Electricity.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	13
ÁR-225 Hreiðurborg	13
ÁR-651 Sandvíkurhreppur: fornleifar á fleiri en einni jörð	15
5. Niðurstöður	16
Heimildir	19
Viðauki I: Tafla með öllum skráðum minjum og hnitum	20
Viðauki II: Minjakort	21



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

1. Inngangur

Sumarið 2024 fór RARIK á Suðurlandi þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér deiliskráningu fornleifa á fyrirhugaðri strengleið í Árborg. Úttektarsvæðið var um 2 km að lengd og náði frá Kaldaðarnesvegi í austri og að bænum Hreiðurborg í vestri. Strengurinn mun liggja samsíða malarvegi að öllu leyti. Ljósleiðari var lagður þar í jörðu fyrr nokkrum árum en fornleifaskráning virðist ekki hafa farið fram við þá framkvæmd.



Mynd 2: Staðsetning fyrirhugaðs jarðstrengs og skráðar fornleifar eru á myndinni. © Fornleifastofnun Íslands og Loftmyndir ehf

Vettvangsvinna fór fram í júlí 2024. Úttektarsvæðið náði 15 m til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðs jarðstrengs og var því samanlagt 30 m á breidd. Við skráningu var gengið skipulega um allt úttektarsvæðið, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki um minjar mæld upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Alls voru skráðar átta fornleifar innan svæðis en af þeim voru fjórar innan áhrifasvæðisins (en helgunarsvæði hinna fjögurra nær inn fyrir mörk sama svæðis). Þar sem ljóst þótti á vettvangi að fyrirhugaður jarðstrengur gæti raskað fornleifum var nærliggjandi umhverfi minja skoðað í þeim tilgangi að leggja

fram tillögur að mögulegri tilfærslu á strengleið. Ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Ragnheiði Gló Gylfadóttur en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Ragnheiður sá ennfremur um vettvangvinnu og ritun skýrslu.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kafla er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um fornleifar innan úttektarsvæðis og í fimmta og síðasta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og minjakort.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi,

slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyrir. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-162:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvorrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlutverk


Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstaði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstaði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfi eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stjóðar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimilaskrá

Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og var merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-162:002). Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í mikilli hættu.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-225 Hreiðurborg

1709: Hjáleiga frá Kaldaðarnesi, byggð fyrir manna minni. Tvíbýli. "Kvaðir há hverjum fyrir sig mannlán um vertíð í Þorlákshöfn og dagsláttur. Sæmundur [annar ábúandi] geldur in natura, en Jón [hinna ábúandinn] getur ekki vegna slæmra elliburða og betalar þó ekki fyrir." JÁM II, 95.

1839: Jarðardýrleiki óviss. SSÁ, 66.

Oftast mun hafa verið tvíbýli í Hreiðurborg á 18. og 19. öld og jörðin fór aldrei úr byggð þann tíma sem heimildir greina frá. Hreiðurborg varð þó einbýlisjörð 1902. Hún var eina hjáleiga Kaldaðarness sem stóð í úthögum og því var land hennar meira en hinna hjáleignanna. Hún var 1/9 hluti Kaldaðarnestorfunnar og þegar henni var skipt úr torfunni 1961 komu 250 ha. í hennar hlut. SB II, 331-332.

Túnakort 1917: Tún 3,7 ha., þar af 9/10 sléttað. Matjurtagarðar 900 m².

1709: "Kostir og ókostir sem áður segir á heimastaðnum [Kaldaðarnes ÁR-219], nema túni, engjum og úthögum grandar hjer ekki Ölvess, en þó gengur engið mjög úr sjer og sprettur lítt fyrir vatnsleysi í nokkur ár og þykir því lítt slægt, og því hefur presturinn lagt til þessarar hjáleigu engi það, sem eyðihjáleigurnar höfðu." JÁM II, 96.

"Allt land jarðarinnar liggur nú fyrir framan Kaldaðarnesland en suðurmörkin eru hreppaskurður og Flóagaflstorfan sunnan hans...Hreiðurborg er hæg jörð, öll grasi vaxin, og þótt hún eigi verulegt áveituland í Breiðumýri þá er landið efra, austur og norður af bænum þurrt melaland og ágætt til garðræktar...Sandfok ofar í Kaldaðarneslandi ógnaði efsta hluta landsins en Sandgræðsla ríkisins stöðvaði það með því að hlaða í fokbörðin sumarið 1911." SB II, 331

ÁR-225:001_01 Hreiðurborg bæjarhóll bústaður A 394102 N 380712

"..byggð í úthögum suður frá staðnum fyrir manna minni..." JÁM II.

1839: "Mitt á milli Flóagafis- og Kaldaðarneshverfa er Hreiðurborg..."segir í Sýslu- og sóknarlýsingum Árnessýslu.

Bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og á túnakorti frá 1920, sunnarlega fyrir miðju heimatúnsins. Bærinn er á lágu holti og stafnar hans snéru til suðurs. Á bæjarteikningunni má sjá fjórar burstir á bænum og sambyggt útihús norðan þeirra. Kálgarður 001_02 var sunnan við bæinn og kálgarður 001_03 til norðvesturs. Núverandi íbúðarhús er byggt 1967 og er um 30 m austan við bæjarhólinn. Bæjarhólinn er rúmum 15 m vestan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs og mun ekki verða fyrir raski vegna framkvæmdarinnar.

Bærinn er sem fyrr segir á lágu holti. Slétt, ræktuð tún eru allt umhverfis það og svæðið hefur verið ræst fram. Malarplan og -vegir eru við húsinn.



Mynd 4: Bær ÁR-225:001, horft til norðvesturs.

Erfitt er að greina uppsöfnun mannvistarlaga frá holtinu á Hreiðurborg. Útihús, líklega flest frá miðri síðustu öld, þekja hólinn með tilheyrandi raski. Enn má greina grænt svæði austast á hólnum en engin mannvist er sjáanleg á yfirborði. Mjög aflíðandi brekka er til suðurs frá bænum en vestur- og norðurhliðar hólsins virðast hærri, allt að 1 m. Enn sem fyrr segir er óvíst hvort það er holtið sjálft eða uppsöfnun mannvistarlaga. Bæjarhóllinn er líklega um 45x30 m stór sé tekið mið af bæjarteikningunni og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM II, 95; SSÁ, 66; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

ÁR-225:001_02 heimild um kálgarð

A 394100 N 380695

Kálgarður 001_02 var sunnan við bæjarhól 001_01, í mjög aflíðandi brekku. Öll ummerki hans eru horfin vegna sléttunar. Hann er tæpum 20 m vestan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs og ekkert jarðrask verður á honum. Á milli áætlaðrar staðsetningar kálgarðsins og jarðstrengsins er malarvegur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

ÁR-225:003 heimild um fjárhús

A 394194 N 380665

“Austast á gamla Hreiðurborgartúninu voru fjárhúsin og er túnið nú alslétt, þar sem þau voru,” segir í ornefnaskrá. Fjárhúsin eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1920, rúmum 90 m ASA við bæ 001. Fjárhúsin voru rúmum 15 m austan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstrengs og eru ekki neinni hættu af þeim sökum.

Slétt, ræktað tún sunnan við núverandi íbúðarhús.

Óljóst þúst sést í túninu þar sem útihúsið var, 7x6,5 m að stærð. Líklega var útihúsið á þústinni eða þetta ummerki um sléttun þess. Engin skýr mannvist sést á yfirborði sem gefur nánara lag fjárhúsanna til kynna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kaldaðarnes, 7; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1920

ÁR-225:009 heimild um traðir

A 394145 N 380678

Á túnakorti frá 1920 sést vegur eða traðir, liggja til suðausturs frá bæ 001 og út heimatúnið. Núverandi malarvegur að bænum liggur á sama stað en fyrirhugað er að plægja jarðstrenginn fast austan við veginn, þar sem ljósleidarinn er.

Gróin tún eru til allra átta. Mjög aflíðandi halli er til suðurs næst bænum.

Engin ummerki um eldri leiðina sjást á yfirborði og ólíklegt að hlutar hennar séu varðveittir.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1920

ÁR-225:010 heimild um túngarð

A 394167 N 380655

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 afmarkaði túngarður allt heimatúnið. Á túnakorti frá 1918 sést að breytingar hafa orðið á heimatúninu frá árinu 1906, það líklega afmarkað með gaddavír og stækkað til norðvesturs. Fyrirhugaður jarðstrengur mun liggja í gegnum áætlaða staðsetningu túngarðsins sunnan við bæ 001.

Túngarðurinn sést ekki innan áhrifasvæðisins, þar er nú vélgrafinn framræsluskurður.

Túngarðurinn var ekki skoðaður utan þessa svæðis.

Öll ummerki túngarðsins eru horfin innan innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR-225:011 þúst útihús

A 394201 N 380693

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 90 m austan við bæ 001 og 18 m norðan við fjárhús 003. Það er ekki sýnt á túnakorti frá 1920 og líklega

fallið úr notkun þá. Útihúsið er tæpum 30 m austan við áhrifasvæði fyrirhugaðs jarðstengs. Slétt tún.

Þar sem útihúsið var sést enn þúst í túninu. Hún er 6,3x5,7 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og er 0,1-0,2 m á hæð. Engin mannvirki sjást á yfirborði enda búið að slétta yfir túnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

ÁR225:012 vegur leið

A 395020 N 381168

Ruddur vegur sést hlykkjast norðan við núverandi veg að Hreiðurborg. Hann hlykkjast til vesturs frá Camp Duncan, þ.e. braggahverfi frá stríðsárunum. Líklega er þessi vegur frá þeim tíma sé tekið mið af umfjöllun um vegi í Sandvíkurhreppi í Sunnlenskum byggðum og bók Guðmundar Kristinssonar, Styrjaldarárin á Suðurlandi. Þar kemur m.a. fram að núverandi vegur að Hreiðurborg er lagður um 1960 og fátt hafi verið um vegi fram að stríðsárunum. Vestasti hluti þessa vegar er innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs og hann er í stórhættu af þeim sökum. Vegurinn hlykkjast í gegnum sendið en jafnframt deiglent svæði.



Mynd 5: Vegur ÁR-225:012, horft til ASA.

Vegurinn var eingöngu rakinn innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs en alls eru um 155 m innan þess. Vegurinn er um 3 m á breidd og virðist ruddur á milli mýrardæla.

Meðfram honum má á köflum sjá óljósa hleðslu en líklega var efni við gerð hans sett þarna. Hann er um 0,2-0,3 m á dýpt og sléttur í botninn. Nú er vegurinn mikið gróinn og ekki hægt að aka eftir honum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SB II, 298-300; Guðmundur Kristinsson, 50-52

ÁR-651 Sandvíkurhreppur: fornleifar á fleiri en einni jörð

ÁR-651:007 Kirkjuvegur heimild um leið

A 394660 N 380843

“Eftir að Kaldaðarneskirkja var lögð niður, skömmu eftir síðustu aldamót [1902], áttu íbúar Kaldaðarneshverfis kirkjusókn að Eyrarbakka. Var þá farið ofan frá Kaldaðarneshverfi yfir Melamýri austan við Hreiðurborg [ÁR-225] og neðan Smalaskála og þaðan út á Nesbrú. Þessi leið var kölluð Kirkjuvegur.” segir í örnefnaskrá. Leiðin sést einnig á Herforingjaráðskorti 37 sem gert var árið 1909. Fyrirhugaður jarðstrengur mun þvera þessa leið um 560 m austan við Hreiðurborg ÁR-225, skammt austan við tún sem þar eru. Leiðin var ekki skoðuð utan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs.

Malarvegur að Hreiðurborg þverar leiðina þar sem jarðstengurinn mun liggja. Fast suðvestar eru gróin tún og jarðrask er að auki við veginn.

Engin ummerki þessarar leiðar sjást á yfirborði innan úttekarsvæðisins.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Eyrarbakkahreppur, 60; Hkort 37 SA 1909 1:50000

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðs jarðstrengs í landi Hreiðurborgar, í sveitarfélaginu Árborg. Áhrifasvæðið liggur að mestu um í úthaga Hreiðurborgar en fer einnig í gegnum heimatúnið. Áhrifasvæðið er um 2 km að lengd og 30 m að breidd. Við úttektina voru skráðar fornleifar sem eru innan áhrifasvæðis auk þeirra minja sem voru skammt utan við úttektarmörk (þ.e. áhrifasvæði jarðstrengs féll innan helgunarsvæði þeirra). Línulegar fornleifar s.s. garðlög og leiðir voru því eingöngu raktar að hluta, innan áhrifasvæðis.


Hér á eftir verður fjallað um þær fornleifar sem fyrirhugaður jarðstrengur ógnar, settar fram tillögur að hliðrun strengsins á stöku stað og hugmyndir af líklegum mótvægisáðgerðum. Í tilvikum þar sem óhjákvæmileg reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar í mikilli hættu megi víkja við slíkar aðstæður. Við gerð hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana. Í meirihluta tilfella var hættan hvorki talin



Mynd 6: Staðsetning fyrirhugaðs jarðstrengs og skráðar fornleifar eru á myndinni, ofan á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. © Fornleifastofnun Íslands og Landmælingar Íslands

óhjákvæmileg né ófyrstíganleg en hættumatinu er fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum.

Alls voru skráðar átta fornleifar á sjö minjastöðum í skráningunni. Fjórar þeirra voru innan áhrifasvæðisins og voru þær allar metnar í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. **Traðir ÁR-225:009** lágu til suðausturs frá bæ ÁR-225:001, þar sem núverandi vegur að Hreiðurborg liggur. Fyrirhugað er að plægja jarðstrenginn fast austan við veginn, þar sem ljósleiðari var lagður fyrir nokkrum árum. Ólíklegt er traðirnar séu varðveittar undir sverði og líklegt að skráning þessi verði talin fullnægjandi mótvægisáðgerð. **Túngarður ÁR-225:010** afmarkaði allt heimatúnið í Hreiðurborg en suðurhlið hans er horfin í vélgrafinn skurð. Jarðstrengurinn mun liggja þar þvert í gegn. Ólíklegt að nokkurra mótvægisáðgerða verði krafist þar sem minjarnar eru að öllum líkindum þegar afmáðar á þessum stað. Skammt austan við heimatúnið lá **gömul þjóðleið, Kirkjuvegur ÁR-651:007**, sem áhrifasvæðið þverar. Öll ummerki leiðarinnar eru horfin innan áhrifasvæðis og ólíklegt að nokkurra mótvægisáðgerða verði krafist vegna hennar. Vestasti hluti **vegar ÁR-225:012** er innan áhrifasvæðisins. Hann liggur til ANA frá núverandi vegi og hlykkjast innan skráningarsvæðisins á um 150 m löngum kafla. Það er ljóst að jarðstrengurinn mun alltaf fara í gegnum veginn og hér er mælt til þess að hann verði lagður á svipuðum stað og ljósleiðari, þar sem rask er nú þegar. Ólíklegt er að annarra mótvægisáðgerða



Mynd 7: Hér sést vel hvernig vegur ÁR-225:012 er innan áhrifasvæðisins að vestan. Hann sést enn fremur hlykkjast áfram til norðaustur, utan þess. © Fornleifastofnun Íslands og Loftmyndir ehf

verði krafist.

Fjórar fornleifar eru skammt utan áhrifasvæðis jarðstrengs en helgunarsvæði þeirra er 15-20 m og skarst við það. Þetta eru **bær ÁR-225:001_01, kálgarður 001_02, fjárhús ÁR-225:003 og útihús ÁR-225:011**. Fyrirhugað er að plægja jarðstrenginn fast austan og norðan við núverandi malarveg að bænum þar sem ljósleiðari hefur nú þegar verið lagður. Verði sú raunin ætti engin hættu að steðja þessum fjórum fornleifunum vegna framkvæmdarinnar, þrátt fyrir nálægðina.

Heimildir

Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915. Nr. 37. Sótt af <http://islandskort.is/is/category/list/29>

Guðmundur Kristinsson. 1998. *Styrjaldarárin á Suðurlandi*. Selfoss: Árnesútgáfan.

Guðmundur Þórarinnsson. 1997. *Eyrarbyggðir. Örnefni. Örnefnaskrá Guðmundar Þórarinnssonar frá 1955 með viðbótum Sigurðar Andersen*. [Eyrarbyggðir]: Sjóminjasafnið á Eyrarbyggðum.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1918-1921. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Landmælingar Íslands. 2024. *Bæjarteikningar danskra landmælingamanna*. Slóðin er: https://atlas.lmi.is/mapview/?application=saga_kort

SB II: *Sunnlenskar byggðir II: Flóinn*. 1981. Páll Lýðsson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands.

SSÁ: *Árnessýsla. Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfðán Jónsson*. 1979. Svavar Sigmundsson (ritstjóri). Reykjavík: Sögufélag.

Túnakort 1920: Túnakort Sandvíkurhrepps. Þjóðskjalasafn Íslands, Reykjavík. Slóðin er: <https://testbirting.manntal.is/default.aspx?leit=SHJlacOwdXJib3JnIFNhbmR2w61rdXJocmVwcHVyIMObcm5lc3PDvXNsYQ==>

Ö-Kaldaðarnes. Páll Lýsason skráði. Án ártals. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Slóðin er: <https://nafnid.is/>

Heimildamenn:

Jörundur Gauksson, f. 24.01.1966

Viðauki I: Tafla með öllum skráðum minjum og hnitum

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættu- mat	minj_id	X	Y
ÁR- 225001 1	Hreiðurborg	hóll	bæjarhóll	illgreinileg	hætta	3304-1	394103	380711
ÁR- 225001 2		heimild	matjurtagarður	sést ekki	hætta	3304-2	394101	380693
ÁR- 225009		heimild	leið	sést ekki	mikil hætta	3304-3	394146	380679
ÁR- 225010		heimild	túngarður	sést ekki	mikil hætta	3304-4	394167	380655
ÁR- 225003		heimild	útihús	sést ekki	hætta	3304-5	394194	380664
ÁR- 225011		þúst	útihús	illgreinileg	hætta	3304-6	394201	380693
ÁR- 651007	Kirkjuvegur	heimild	útihús	sést ekki	mikil hætta	3304-7	394660	380842
ÁR- 225012		vegur	leið	vel greinileg	mikil hætta	3304-8	395019	381168

Viðauki II: Minjakort

